

## **I. kafli**

**Mannréttindafræðsla  
og Kompás, stutt kynning  
fyrir leiðbeinendur**

# Efnisyfirlit kaflans

<b>Um mannréttindafræðslu</b> . . . . .	17
Hvað er mannréttindafræðsla? . . . . .	17
Árangur af mannréttindafræðslu . . . . .	18
Þekking, færni og viðhorf . . . . .	19
Viðtæk nálgun . . . . .	20
Mannréttindafræðsla og ungt fólk . . . . .	20
Fræðsla utan og innan hins hefðbundna skólakerfis . . . . .	21
Mannréttindafræðsla: upphaf aðgerða . . . . .	22
Alþjóðlegur stuðningur við mannréttindafræðslu . . . . .	23
<b>Mannréttindafræðsla og önnur mennta- og fræðsluvið</b> . . . . .	25
Heimur mannréttinda . . . . .	25
Hvað er „mannréttindamál“? . . . . .	25
Málefni sem fjallað er um í bókinni . . . . .	26
Fræðsla um borgaravitund . . . . .	27
Persónubundin og félagsleg menntun . . . . .	27
Hnattræn menntun . . . . .	28
Þvermenningarleg menntun . . . . .	28
Þróunarfræðsla . . . . .	29
Umhverfismennt . . . . .	30
Friðarfræðsla . . . . .	30
Fræðsla um lagaleg málefni . . . . .	30
<b>Notkun KOMPÁSS um alla Evrópu</b> . . . . .	31
Hvað er Evrópa og hvar er hún? . . . . .	31
Bók handa Evrópubúum? . . . . .	32
Evrópskur draumur . . . . .	33
Æskulýðsstarfsemi . . . . .	34
Barnsáttmálinn . . . . .	35
Vinnuferlið . . . . .	35
Notkun bókarinnar á ólíkum menningarsvæðum og tungumálum . . . . .	36
<b>Hvernig nota á KOMPÁS</b> . . . . .	38
Notkun bókarinnar . . . . .	38
Kennsluaðferðir . . . . .	39
Algengar spurningar um mannréttindafræðslu . . . . .	44
Ábendingar til notenda . . . . .	46
Ábendingar um hlutverk leiðbeinenda . . . . .	48
Hópvinna . . . . .	48
Hópvinnutækni . . . . .	48
Almennar ráðleggingar um verkefnavinnuna . . . . .	52
Þegar hlutirnir ganga ekki sem skyldi . . . . .	53
Ágreiningur leystur . . . . .	55
Nokkrar aðferðir og leiðir til að efla námshópa . . . . .	56
Aðferðir til að auka samræðuhæfni . . . . .	59
Aðferðir til að þroska hæfni til sameiginlegrar ákvarðanatöku . . . . .	60
Verkefni sem lúta að endurskoðun . . . . .	62

# Um mannréttindafræðslu

## Hvað er mannréttindafræðsla?

„... nám og verkefni sem miða að því að skapa jafna virðingu fyrir öllum mönnum, ásamt annars konar námi, svo sem því sem stuðlar að fræðslu um mismunandi menningu og þátttöku og eflingu minnihlutahópa.“

*Opinber skilgreining í áætlun Evrópuráðsins um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk.*

## Langtímamarkmið

Til eru margar skilgreiningar á mannréttindafræðslu og hugtakið má nálgast á marga vegu en heppilegast er að lýsa því með þeim markmiðum sem stefnt skal að. Markmiðið til langs tíma litið er að skapa menningu þar sem skilningur ríkir á mannréttindum og þar sem þau njóta verndar og virðingar. Því má segja að hver sá sem vinnur með öðru fólki taki þátt í mannréttindafræðslu ef hann hefur þetta í huga og leggur sitt af mörkum á þessu sviði – og skiptir þá engu hvernig hann fer að því.

Skiptar skoðanir geta verið á því hvernig heppilegast sé að standa að málum og það er fullkomlega eðlilegt. Engir tveir einstaklingar, hópar einstaklinga eða menningarhópar gera sömu kröfur og engin ein aðferð hentar til þess að fræða og mennta alla einstaklinga, hópa eða samfélög. Þetta sýnir það að skilvirk mannréttindafræðsla þarf umfram allt að vera nemendamiðuð: hún verður að miðast við þarfir, óskir, getu og væntingar hvers einstaklings í öllum samfélögum.

Í nemendamiðuðu námi er gert ráð fyrir að hver og einn sé virkur og að hann breytist og einnig er tekið tillit til þess félagslega umhverfis sem hver og einn hrærist í, en það merkir ekki að kennarar þurfi að vinna hver út af fyrir sig eða að þeir geti ekki lært hver af öðrum þótt þeir kunni að starfa í ólíku umhverfi. Það sem sameinar mannréttindakennara um allan heim er ein og sama mikilvæga hugsjónin – löngunin til þess að lifa í heimi þar sem mannréttindi eru metin að verðleikum og virt. Margt fólk vinnur á þessu sviði og til eru almennar leiðbeiningar og þrautreyndar aðferðir og kennsluefni sem auðvelda okkur að ná þessu sameiginlega markmiði. Þessi handbók er framlag okkar á þessu sviði.



**Hvaða skilning leggur þú í hugtakið mannréttindafræðsla?**

## Greining á viðfangsefninu

Hollt er að líta fram á veginn en stundum þarf að greina áformin í smærri og raunhæfari hluta. Þá getur verið gagnlegt að skipta þeim niður í tiltekin markmið: horfa á þá mismunandi þætti sem skapa mannréttindamenningu og íhuga það síðan hvernig hægt sé að fjalla um þá hvern fyrir sig. Mannréttindamenning er, þegar öllu er á botninn hvolft, ekki aðeins menning þar sem hver þekkir réttindi sín – því að þekking og virðing fer ekki alltaf saman, og virðingarleysi leiðir ávallt til ofbeldis. Mannréttindamenning er net viðhorfa, trúarskoðana, hegðunar, gilda og reglna sem skarast. Takist okkur að skilja það getum við byggt starf okkar innan hópanna á þeim grunni.

„Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarflokka og að efla starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðarins.“

*Mannréttindayfirlýsingin, 26. gr.*

„Jafnvel lengstu ferðalög hefjast með einu skrefi.“

Lao-Tse

## Mannréttindamenning

Eftirfarandi atriði eiga rætur í meginþáttum slíkrar menningar. Í þeim felast helstu markmiðin á sviði mannréttindafræðslu:

- að efla virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi,
- að efla sjálfsvirðingu einstaklingsins og virðingu hans fyrir öðrum: gildi mannlegrar reisnar,
- að stuðla að viðhorfum og hegðun sem skapar virðingu fyrir réttindum annarra,
- að tryggja raunverulegt jafnrétti kynjanna og að konur hafi jöfn tækifæri og karlar á öllum sviðum,
- að efla virðingu, skilning og viðurkenningu á menningarlegri fjölbreytni, einkum að því er varðar mismunandi þjóðerni, þjóðernisminnihluta, trúarhópa, málsvæði og hvers kyns aðra minnihlutahópa og samfélög,
- að hvetja fólk til þess taka meiri þátt í samfélaginu,
- að stuðla að lýðræði, framförum, félagslegu réttlæti, almennu samlyndi, samstöðu og vináttu meðal fólks og þjóða,
- að styrkja starf alþjóðastofnana sem miðar að því að skapa friðarmenningu sem grundvallast á almennum mannréttindum og umburðarlyndi og skilningi milli þjóða, án ofbeldis.

## Árangur af mannréttindafræðslu

### Hver eru markmiðin?

Við höfum skilgreint alþjóðleg markmið í mannréttindafræðslu og nokkur langtímamarkmið. Við getum líka litið sjálfum okkur nær og hugleitt þarfir einstakra hópa og samfélaga: breytt heiminum með starfi heima fyrir! Ástandið í heiminum er nú um stundir þannig að mannréttindabrot eru framin allt í kringum okkur. Nægilegt kann að vera að vekja meðal ungmennanna virðingu fyrir öðrum mönnum og vona að þau, að minnsta kosti, verði ekki í hópi þeirra sem brjóta á réttindum annarra í framtíðinni. Þetta er mikilvægur þáttur í því starfi sem við vinnum sem kennarar í mannréttindum.

En við getum sett markið hærra: við getum stefnt að því að hvetja ungt fólk sem við störfum með til þess að einbeita sér ekki aðeins að sjálfu sér heldur einnig að því sem hrærist kringum það. Við getum reynt að fá þetta unga fólk til þess að verða, á sinn hátt, leiðbeinendur og baráttumenn sem sjálfir stuðla að því að vernda mannréttindi – jafnvel þótt viðkomandi mál sé þeim óviðkomandi. Ekkert á að koma í veg fyrir að því markið verði náð: það merkir ekki að við væntum þess að ungt fólk helgi líf sitt því að vernda mannréttindi heldur að viljum við að það átti sig á vandanum, hafi áhyggjur af honum og geti beitt sér til þess að breyta ástandinu telji það nauðsyn bera til þess.

Samkvæmt þessu er markmiðum í mannréttindafræðslu nú skipt í þrjú meginsvið:

- að efla vitund um mannréttindamál og auka skilning á þeim svo að fólk átti sig á því þegar mannréttindi eru brotin,
- að byggja upp hæfni og kunnáttu sem er nauðsynleg til þess að vernda mannréttindi,

- að skapa viðhorf þar sem virðing er borin fyrir mannréttindum þannig að fólk brjóti ekki af ásetningi á réttindum annarra.



**Hver eru helstu áhyggjuefni þess unga fólks sem þú vinnur með?**

## Þekking, færni og viðhorf

*Hvers konar þekking er ungu fólki nauðsynleg til þess að öðlast skilning á mannréttindamálum?*

*Og hvaða færni og viðhorf eru því nauðsynleg til þess að geta staðið vörð um mannréttindi?*

Upptalningin hér fyrir neðan svarar þessum spurningunum að nokkru leyti; þetta eru markmiðin sem voru sett þegar þessi bók var skrifuð.

### Þekking og skilningur

- Lykilhugtök eins og: frelsi, réttlæti, jafnræði, mannvirðing, jafnrétti, lýðræði, réttindi, ábyrgð, samvirkni og samstaða.
- Sú hugsun að mannréttindi skapi ramma sem nýtist til þess að koma sér saman um hegðunarreglur í fjölskyldum, skólum, í samfélaginu og um allan heim.
- Hlutverk mannréttinda og gildi þeirra í fortíð og framtíð hvers og eins, innan samfélaga og meðal annarra manna um víða veröld.
- Aðgreiningin milli borgaralegra/stjórnmalalegra og félagslegra/efnahagslegra réttinda.
- Mismunandi sýn og reynsla af mannréttindum í hinum ýmsu samfélögum og mismunandi hópum innan sama samfélags og sá grunnur sem réttlætið byggist á, þar á meðal í trúarlegum, siðferðislegum og lagalegum skilningi
- Helstu félagslegu breytingar, sögulegir atburðir og ástæður þess að mannréttindi eru viðurkennd.
- Helstu alþjóðlegu sáttmálar sem gerðir hafa verið í því skyni að vernda mannréttindi, svo sem Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
- Staðbundnar, landsbundnar og alþjóðlegar stofnanir, frjáls félagasamtök og einstaklingar sem vinna að því að styðja og vernda mannréttindi.

### Færni

- Listin að hlusta á aðra og eiga virk samskipti: að geta hlýtt á mismunandi sjónarmið og beitt sér fyrir eigin réttindum og annarra.
- Gagnrýnin hugsun: að finna upplýsingar sem skipta máli, leggja gagnrýnið mat á upplýsingar, gera sér grein fyrir hleypidómum og fordómum, átta sig á því þegar hlutum er hagrætt og taka rökstuddar ákvarðanir.
- Hæfni til þess að starfa með öðrum og takast á við ágreining á jákvæðan hátt.
- Hæfni til þess að starfa í hópum og skipuleggja þá.
- Kynning og vernd mannréttinda, bæði á lands- og heimsvísu.

Fræðsla um mannréttindi

Fræðsla í þágu mannréttinda

### Nám og fræðsla á grundvelli mannréttinda

„Orðið menntun á við öll ferli í félagslegu lífi þar sem menn einstaklingar og hópar byggja á meðvitaðan hátt upp alla færni sína, viðhorf, hæfileika og þekkingu, á grundvelli og í þágu þjóðar og alþjóðasamfélagsins.“

UNESCO  
Tilmæli, 1974

„Ég heyri og ég gleymi. Ég sé og ég man. Ég geri og ég skil.“

Konfúsíus

## Viðhorf og gildi

- Ábyrgð á eigin gjörðum, vilji til að öðlast persónulegan þroska og vinna að félagslegum framförum.
- Fróðleiksfýsn, opinn hugur og jákvætt viðhorf til fjölbreytni.
- Samkennd og samstaða með öðrum og vilji til að styðja þá sem kunna að verða fyrir mannréttindabrotum.
- Mannvirðing, sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum, án tillits til félagslegra, menningarlegra eða trúarlegra þátta og tungumála.
- Réttlætiskennd og löngun til þess að stuðla að frelsi, jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika.

## Víðtæk nálgun

Í þessari handbók er fjallað um mannréttindafræðslu í afar víðtækum skilningi. Í fyrsta lagi hefur verið reynt að gera grein fyrir öllum sviðunum þremur – þekkingu, hæfni og viðhorfum – og gera þeim jafnhátt undir höfði. Í öðru lagi hafa verkefni verið samin með breiðan hóp í huga, bæði mismunandi aldurshópa og til kennslu jafnt utan sem innan hins hefðbundna skólakerfis. Í þriðja lagi var reynt að tengja saman mannréttindafræðslu og fræðslu um staðbundin og hnattræn málefni, svo sem þróun, umhverfismál, þvermenningarleg tengsl og friðarmál, með verkefnum sem byggjast á þátttöku og virku námi fólks. Ekki er lagt til að mannréttindafræðsla sé einangrað viðfangsefni.

Áhersla hefur verið lögð á hópverkefni. Rannsóknir leiða í ljós að í litlum vinnuhópum byggist upp samkennd og þar með dragi úr ágreiningi milli aðila innan þeirra. Slíkt samstarf bætir einnig skilning á flóknum hugtökum og hæfnina til þess að leysa vanda og gerir þátttakendur færa um að finna lausnir sem bera vitni um aukinn sköpunarmátt og útsjónarsemi. Öll þessi atriði eru mikilvæg markmið í mannréttindafræðslu. Þetta merkir að virkja þarf unga fólkið sjálft á öllum stigum námsins. Forðast skal þá gildru að gera ráð fyrir að kennararnir séu boðberar einhvers endanlegs sannleika sem nemendur meðtaki þegjandi og hljóðalaust. Slíkt gæti auðveldlega breytt mannréttindafræðslu í verstu tegund „innrætningar“. Mikilvægur þáttur í aðferðarfræðinni, sem þessi handbók byggist á, er sú hugsun að ungt fólk mætir til leiks með ýmiss konar reynslu í farteskinu sem nýta þarf til að námið verði áhugavert og skapandi. Líta skal á spurningar, jafnvel ágreining, sem grundvallaratriði í náminu sem hægt er að fjalla um á jákvæðan hátt.

## Mannréttindafræðsla og ungt fólk

Mikilvægi mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk verður sífellt ljósara, ekki aðeins sakir þess að hún skiptir miklu fyrir samfélagið, heldur einnig vegna þess að ungt fólk kann að meta verkefni af þessu tagi og nýtur góðs af þeim. Þjóðfélög samtímans, og einkum unga kynslóðin, standa æftar frammi fyrir félagslegri einangrun vegna trúarbragða eða þjóðernis og ókostum – og kostum – aukinnar hnattvæðingar. Mannréttindafræðsla tekur á þessum mikilvægu málum og getur stuðlað að skilningi á mismunandi trúarskoðunum, viðhorfum og lífsgildum í fjölmenningsamfélögum nútímans. Hún auðveldar einstaklingum að nýta sér slíkan mun á jákvæðan hátt.

Ef til vill er þó meira um vert að ungt fólk lætur sér annt um mannréttindi og hefur því sjálft mikið fram að færa á þessu sviði. Ungt fólk er nú iðulega gagnrýnt fyrir að vera sinnulaust og áhugalaust um stjórnsmál en fjöldi rannsókna hefur bent til hins gagnstæða. Rannsóknir, sem voru gerðar fyrir framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins árið 2001, sýna til dæmis að ungt fólk tekur virkan þátt í samfélaginu, ekki síst með starfi sínu í félagasamtökum og æskulýðsklúbbum. Að meðaltali tekur rúmur helmingur ungs fólks í löndum Evrópusambandsins þátt í einhvers konar félagsstarfi (þótt þetta sé mjög breytilegt eftir löndum).

Hvað varðar áhuga á pólitískum málefnum leiddi rannsókn á viðhorfum ungs fólks til Evrópusambandsins í ljós að það lagði mikla áherslu á mannréttindamál. Þegar frá er skilið atvinnuleysi og glæpir vildi unga fólk helst að stjórnvöld fjölluðu um vernd mannréttinda og umhverfisvernd og baráttuna gegn kynþáttamismunun og misrétti kynjanna<sup>2</sup>.

**?** Er það reynsla þín að ungt fólk hafi ekki áhuga á stjórnsmálum? Hvað heldur þú að valdi því, ef svo er?

Reynsla um allan heim hefur leitt í ljós hversu mikinn kraft og einurð unga fólk leggur í þessi málefni ef það getur borið sameiginlega ábyrgð á verkum sínum og því hvernig það tileinkar sér hlutina, og ef málefni eru lögð fyrir á viðeigandi og áhugaverðan hátt.

Kennarar verða að virkja þennan kraft. Fjöldmörg verkefni og áætlanir fyrir ungt fólk, allt frá minniháttar verkefnum, sem eru unnin sérstaklega í einstökum æskulýðsfélögum eða skólum, til meiriháttar alþjóðlegra áætlana á vegum Evrópuráðsins eða annarra stofnana, leiða í ljós að unga fólk mun tileinka sér þessar hugmyndir og fara eftir þeim.

**?** Hvers konar málefni eru líklegust til þess að vekja áhuga hjá þátttakendum í hópnum þínum?

## Fræðsla utan og innan hins hefðbundna skólakerfis

Heppilegasta leiðin til þess að virkja þátttakendur og skipuleggja nám ræðst að miklu leyti af því á hvaða vettvangi kennarinn starfar. Hann getur búið við mikið eða lítið frelsi í efnisvali, tímasetningu og formi verkefnisins eftir því hvort um er að ræða kennslu innan eða utan hins hefðbundna skólakerfis, það er að segja í formlegu skólastarfi eða óformlegu eða því sem almennt kallast „skóli lífsins“. Verkefni í þessari handbók eru þannig uppbyggð að hægt er að nota þau á hvaða vettvangi sem er: í æskulýðsklúbbum, skólum, sumarbúðum, á óformlegum fundum o.s.frv.

„**Skóli lífsins**“ vísar til ævilangs ferlis þar sem hver einstaklingur tileinkar sér viðhorf, gildi, hæfni og þekkingu úr eigin umhverfi og daglegu lífi (fjölskylda, nágrennar, verslanir, bókasöfn, fjölmiðlar, leikir og störf o.s.frv.).

**Formlegt nám** vísar til hins skipulega náms og kennslu sem fer fram í leikskólum og allt upp í háskóla og tekur einnig til sérstakra námsbrauta til starfsmenntunar.

**Óformlegt nám** vísar til alls skipulegs náms sem er liður í persónubundinni og félagslegri menntun ungs fólks, er ætlað að bæta hæfni og færni og er utan formlegrar námskrár skólakerfisins.

„Aðferðir sem byggjast á virkri þátttöku einstaklinga eru sérstaklega mikilvægar til þess að tryggja árangursríkt nám og til þess að gera nemendum kleift að gera sitt besta.“

Úr Jomtien-yfirlýsingunni frá 1990.

„Menntun er það sem situr eftir þegar það sem lært var hefur gleymst.“

B. F. Skinner

„Nám [er] ... ferli sem er ekki aðeins tengt starfi skóla eða annarra skipulegra menntastofnana. Hugtakið nám grundvallast á þeirri hugsun og því viðhorfi að umtalsverður hluti þeirrar menntunar sem við tileinkum okkur fáist utan formlega menntakerfisins: á vinnustöðum, innan fjölskyldunnar og á ýmiss konar stofnunum og bókasöfnum ...“

*Dr. Pasi Sahlberg í Building Bridges for Learning - The Recognition and Value of Non-Formal Education in Youth Activity*

Óformlegt nám, eins og það er sett fram af hálfu margra æskulýðssamtaka og hópa:

- er stundað af fúsum og frjálsum vilja;
- er aðgengilegt öllum (helst);
- er skipulagt ferli þar sem námsmarkmið eru sett,
- er nemendamiðað og byggist á virkri þátttöku einstaklinga;
- snýst um það að læra lífsleikni og búa sig undir virka þátttöku í samfélaginu,
- byggist bæði á einstaklingsbundnu námi og hópnámi þar sem stefnt er að sama marki;
- er heildstætt og fylgir tilteknu ferli,
- byggist á reynslu og starfi og á sér rætur í þörfum þátttakendanna.

Formlegt og óformlegt nám og skóli lífsins er allt saman þættir í ævilöngu námsferli sem bæta hver annan upp og styrkja og efla. Þessi handbók var ekki sett saman sem „námskeið“ í mannréttindafræðslu og hafa má gagn af einstökum verkefnum við margvíslegar aðstæður, í skólasterfi eða í óformlegu námi, og hvort sem námið er reglubundið eða ekki.

## Mannréttindafræðsla: upphaf aðgerða

Megininntak mannréttindafræðslu er að skapa gagnrýna hugsun og hæfni til að takast á við ágreining og grípa til aðgerða. Með þessari bók er ætlunin að hvetja til athafna sem efla samstöðu og til skipulegra viðburða í samfélaginu, bæði vegna þess að slíkt er mikilvægur liður í að efla færni og hæfni í tengslum við mannréttindafræðslu og er í sjálfu sér kjörin leið til að skapa mannréttindamenningu. Ungt fólk getur haft bein áhrif á umhverfið sem það hrærist í og á það hefur verið lögð áhersla í þessari bók. Sérstakur kafli fjallar um aðgerðir (3. kafli) og þar eru settar fram einfaldar hugmyndir um samfélagsleg verkefni sem tengjast mannréttindum.

Auk þessa kafla eru öll verkefni í 2. kafla sniðin að því að þroska hæfileikann til þess að skipuleggja og grípa til aðgerða í samfélaginu. Reynt hefur verið að nota fjölþættar aðferðir og athafnanám, m.a. í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins um menntun í borgaravitund. Hér er mannréttindafræðsla sett fram eins og hluti af daglegu lífi; nám byggð á reynslu og athöfnum ætti að vera undirstaða slíkrar fræðslu, í þeim tilgangi að virkja hæfileika og framtakssemi í stöðugu og síbreytilegu ferli.

Eftirfarandi tilmæli um menntastefnu eru úr „Menntun í lýðræðislegri borgaravitund: nám sem varir ævilangt“, og er ætlað að styðja þetta síkvika breytingaferli:

- sérfræðingar skulu taka beinan þátt í að móta, fylgjast með, innleiða og meta eigin nýjungar í menntamálum,
- stuðlað skal að lausn tiltekinnar félagslegra vandamála þar sem stuðst er við þekkingu og reynslu sérfræðinga,
- stuðlað skal að breytingum í menntamálum sem koma úr grasrótinni og færast upp kerfið,
- unnið skal að auknu sjálfstæði þeirra sem sinna kennslustörfum þannig að þeir geti mótað verkefni sem tengjast viðkomandi sveitarfélagi, opinberum aðilum og aðilum vinnumarkaðarins,
- stuðlað skal að samstarfi, sameiginlegum verkefnum og áætlunum, svo og samskiptum milli sérfræðinga og ráðamanna.

„Óttastu aldrei að hækka róminn ... þegar tala þarf gegn óréttlæti, lygi og græðgi. Ef allir jarðarbúar ... gerðu það yrði heimurinn annar.“

*William Faulkner*



## Alþjóðlegur stuðningur við mannréttindafræðslu

### Evrópuráðið

Í aðildarríkjum Evrópuráðsins er mannréttindum ætlað að vera annað og meira en orðin tóm: mannréttindi eru hluti af lagamma þeirra og ættu því að vera órjúfanlegur þáttur í námi ungs fólks. Evrópuþjóðirnar áttu stóran hlut að mikilvægustu mannréttindayfirlýsingu tuttugustu aldarinnar, Mannréttindayfirlýsingu, sem var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 10. desember 1948. Evrópusamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttinda-sáttmáli Evrópu) sem hefur lagagildi í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins, sótti meginreglur sínar og hugmyndir í Mannréttindayfirlýsingu SP og var samþykktur tveimur árum síðar.

Tilmæli nr. R (85) 7 til aðildarríkja Evrópuráðsins (samþykkt í ráðherranefndinni 14. maí 1985) tengjast kennslu og námi um mannréttindi í skólum. Í þessu skjali er lögð áhersla á að allt ungt fólk skuli læra um mannréttindi og að það eigi að vera hluti af undirbúningi þess fyrir lífið í fjölflokka lýðræði, og þetta hefur smám saman verið tekið upp í flestum Evrópulöndum og stofnunum álfunnar.

Á fundi sem haldinn var á vettvangi Evrópusambandsins í Lúxemborg í desember 1997 mæltist Evrópuráðið til þess að öll ríki skyldu vinna að því að:

- styrkja það hlutverk borgaralegs samfélags að efla og vernda mannréttindi,
- efla aðgerðir á sviði mannréttinda og veita til þess tæknilega aðstoð,
- efla nám og kennslu á sviði mannréttinda.

### Æskulýðsstefna

Ráðherrar Evrópuríkja, sem fóru með æskulýðsmál, hittust í Búkarest í apríl 1998 og komust að samkomulagi um markmið æskulýðsstefnu Evrópuráðsins<sup>3</sup>:

- að stuðla að heilbrigðu félagslífi og öðru því sem felur í sér lýðræði og fjölhyggju og að auðvelda öllu ungu fólki að verða virkir þátttakendur í samfélaginu,
- aðlagu núverandi samstarfsmynstur að þjóðfélagslegum breytingum og að æskulýðs-samtökum og æskulýðsstarfi, sem hefur ekki verið sinnt sem skyldi, og efla enn frekar hugmyndina um virka þátttöku ungs fólks,
- að nýta sem best mikilvægt framlag ungs fólks sem virkra og ábyrga borgara,
- að þróa verkefni á sviði borgaralegrar vitundar sem gera það mögulegt að ungt fólk verði fyrr virkt í samfélaginu, en virða þó þá staðreynd að fólk er mismunandi,
- að innleiða, jafnt innan eisntakra landa sem á Evrópuvísu, samþætta og heildstæða æskulýðsstefnu sem byggist á meginreglum Mannréttindasáttmála Evrópu og Félagsmálasáttmála Evrópu.

### Sameinuðu þjóðirnar

Í desember 1994 lýsti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna opinberlega yfir því að árin 1995–2004 yrðu áratugur mannréttindafræðslu. Sú yfirlýsing kom í kjölfar tilmæla mannréttindaráðstefnunnar í Vín árið 1993, þar sem því var lýst yfir að kennsla, þjálfun og almennar upplýsingar um

„Saga mannsins verður í æ ríkari  
mæli kapphlaup menntunar og  
hörmunga.“

H.G. Well

mannréttindi væru frumskilyrði þess að hægt væri að kynna og koma á stöðugum og farsælum tengslum milli samfélaga og skapa gagnkvæman skilning, umburðarlyndi og frið. Á Vínarráðstefnunni var mælt til þess að ríkin skyldu „leitast við að uppræta ólæsi, að menntun skuli stuðla að því að einstaklingar nái að þroska persónuleika sinn til fulls og að virðing fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi sé efl.“ Þátttakendur á ráðstefnunni hvöttu enn fremur til þess að mannréttindi, mannúðarlög, lýðræði og lagareglur yrðu felld inn í námskrár allra menntastofnana sem veita formlega og óformlega menntun. Síðar, í desember 2004, lagði Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fram áætlun um menntun á sviði mannréttinda (2005 og áfram). Með áætluninni, sem er byggð á árangrinum af mannréttindaáratug Sameinuðu þjóðanna, er „leitast við að efla almennan skilning á helstu meginreglum og aðferðum sem beitt er við mannréttindafræðslu, að skapa aðgerðaramma og styrkja tengsl og samvinnu á alþjóðlegum vettvangi sem og niðri í grasrótinni“.

### Meningarmálastofnun SP (UNESCO)

Annað mikilvægt atriði er að nútímapjóðfélög verða sífellt fjölmennarlegri. Mikilvægi þess að ólík þjóðfélög „læri að lifa saman“ er lykilatriði menntunar – sú „nauðsynlega útópía“ sem lögð var til í skýrslu UNESCO frá árinu 1996 um menntun á 21. öldinni.<sup>4</sup> Mannréttindi eru þungamiðjan í hugmyndinni sem er sett fram í skýrslu UNESCO – til að mynda hvað varðar getuna til þess að greiða úr ágreiningi og finna sameiginleg sjónarhorn við að greina vandamál og marka framtíðarstefnu. Mikilvægast er að stuðla að breytingum án yfirgangs og það er brýnt viðfangsefni bæði innan þjóðfélaga og í samskiptum milli þeirra. Það ætti að vera megininntak aðgerða í menntamálum.

### Heimildir

Dr. Pasi Sahlberg, Building Bridges for Learning - The Recognition and Value of Non-Formal Education in Youth Activity, study for the National Board of Education (Finland) and for the European Youth Forum, European Youth Forum, desember 1999.

Staying Alive, Information paper of the European Youth Forum for the General Assembly, 2000.

Chisholm, Lynne, Towards a revitalisation of non-formal learning for a changing Europe, Report of the symposium on non-formal education, Council of Europe Directorate of Youth and Sport, 2000

### Tilvísanir

<sup>1</sup> Tilvitnanir og tölur úr „Study on the state of young people and youth policy in Europe“, rannsókn sem IARD gerði fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins; Milanó, janúar 2001.

<sup>2</sup> Heimild: Euro barometer 47.1, Young people's attitudes to the European Union, European Commission 1998.

<sup>3</sup> Final declaration of the 5<sup>th</sup> Conference of European Ministers Responsible for Youth, Bucharest, “Young people: active citizens in a future Europe”, apríl 1998.

<sup>4</sup> “Learning, the Treasure Within” UNESCO report about education in the XXI Century, 1996.